

Mánudaginn 24. september 1979.

Nr. 56/1979. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Skjalafals. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengis-
lögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjað er tveimur dómum sakadóms Reykjavíkur yfir ákærða, kveðnum upp 12. apríl og 18. maí 1978. Brot þau, sem ákærða eru gefin að sök, eru framin, áður en héraðs-dómur gekk í fyrra málinu. Hafa málin því verið sameinuð í Hæstarétti.

Framhaldspróf voru háð út af sakarefni í síðara málinu 19. þ. m. Ákærði kom þá fyrir dóm og kvaðst ekki hafa verið í veitingahúsinu Klúbbnum kvöldið 16. febrúar 1978, og eiginkona hans skýrði einnig svo frá, að ákærði hefði eigi verið þar umrætt kvöld. Í tilefni af framburði vitnisins Halldóru Sigurdórsdóttur um, að maður sá, sem framvísaði tékkunum í versluninni Hagkaupi, hefði m. a. keypt þar stúgvél, skýrði eiginkona ákærða svo frá því fyrir dómi, að hún minntist þess eigi, að ákærði hefði verið með ný stúgvél heima hjá sér á þessum tíma.

I.

Ákæra fyrir ölvun við akstur.

Staðfesta ber þá úrlausn sakadóms Reykjavíkur 12. apríl 1978, að ákærði sé sekur um akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis hinn 22. janúar 1978. Varðar atferli ákærða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. um-

ferðarlaga nr. 40/1978, sbr. lög nr. 54/1976, svo og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

II.

Ákæra um skjalafölsun.

Með vísan til forsendna dóms sakadóms Reykjavíkur 18. maí 1978 ber að sakfella ákærða fyrir atferli það, sem sá dómur fjallar um, enda breyta framhaldspróf þau, sem háð hafa verið, engu um sönnunarmatið. Er unnt að dæma um það sakarefni, þótt tímasetning í ákæru sé sumpart röng og sumpart óglögg, sbr. 3. málsg. 118. gr. laga nr. 74/1974, enda hefur komið fram fullkomin vörn vegna þessa ákæru-efnis. Varðar háttsemi ákærða hann refsingu samkv. 1. málsg. 155. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Refsing, önnur viðurlög og sakarkostnaður.

Refsing fyrir háttsemi þá, sem ákærði er dæmdur sekur um, þykir með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Með skírskotun til forsendna dóms sakadóms Reykjavíkur 12. apríl 1978 ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá greindum degi, svo sem ríkissaksóknari hefur krafist, en þann dag var ákærða birtur héraðsdómur. Staðfesta ber ákvæði dóms sakadóms Reykjavíkur 18. maí 1978 um greiðslu skaðabóta til verslunarinnar Hagkaups svo og ákvæði dóma sakadóms Reykjavíkur 12. apríl og 18. maí 1978 um greiðslu sakarkostnaðar. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 100.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jóhann Sigfús Sigdórsson, sæti fangelsi 6 mánuði. Hann er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 12. apríl 1978 að telja.

Ákvæði dóms sakadóms Reykjavíkur 18. maí 1978 um

framangreindar skaðabætur eiga að vera óröskuð svo og ákvæði dóma sakadóms Reykjavíkur 12. apríl og 18. maí 1978 um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Í máli þessu er fjallað um tvo dóma sakadóms Reykjavíkur. Annar þeirra var kveðinn upp 18. maí 1978. Var ákærði þá fundinn sekur um skjalafals með því að hafa falsað nafnritun á tvo tékka og notað þá í versluninni Hagkaupi.

Gjaldkeri, sem starfaði hjá Hagkaupi, kveðst hafa tekið við öðrum þessara tékka sem greiðslu. Í hinum áfrýjaða dómi eru skýrslur gjaldkerans raktar og sagt frá könnun hans á ljósmyndum í myndasafni lögreglunnar og frá sakbendingu.

Fyrir liggur álitsgerð og vitnaframburður um könnun á hinum fölsuðu tékkum og á rithandarsýnishornum, sem ákærði ritaði. Einnig er fram komið, að tékkaeyðublöðin, sem notuð voru, voru tekin úr hefti, sem eiginkona ákærða átti.

Frekari rannsókn en hér hefur verið að vikið og lýst er í hinum áfrýjaða dómi og atkvæði meiri hluta dómenda Hæstaréttar hefur ekki farið fram. Ákærði hefur neitað sekt sinni.

Pegar sakargögn eru virt, þykja þau að visu veita talsverðar líkur fyrir því, að ákærði sé sekur um skjalafals, eins og talið er í hinum áfrýjaða dómi. Rannsókn í málinu var þó ekki svo ítarleg sem skyldi. Þegar það er haft í huga og sakargögn virt í heild, er að okkar áliti ekki fram komin

nægileg sönnun fyrir sekt ákærða. Við teljum því, að hann beri að sýkna af ákæru um skjalafals, sem um var dæmt í sakadómi Reykjavíkur 18. maí 1978, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974.

Hér er einnig til meðferðar dómur, sem upp var kveðinn 12. apríl 1978, en í honum var ákærði sekur fundinn um akstur undir áfengisáhrifum. Við erum sammála meiri hluta Hæstaréttar um þennan þátt málsins, þar á meðal um öku-leyfissviptingu. Við teljum refsingu ákærða hæfilega ákveðna í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, teljum við, að dæma beri ákærða, Jóhann Sigfús Sigdórsson, til að greiða 200.000 króna sekt í ríkissjóð. Komi varðhald í 25 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms í máli þessu. Þá teljum við, að svipta beri ákærða ævilangt ökuréttindum frá 12. apríl 1978. Ákvæði dóms sakadóms Reykjavíkur þann dag um sakarkostnað ber að staðfesta að okkar áliti, en við teljum, að sakarkostnaði beri að öðru leyti að skipta og leggja hann að hluta á ríkissjóð. Teljum við, að dæma beri ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins að því leyti sem hann varðar dóm sakadóms Reykjavíkur 12. apríl 1978, þar á meðal sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur. Allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að því leyti sem varðar dóm sakadóms Reykjavíkur 18. maí 1978 ber að okkar áliti að leggja á ríkissjóð, þar á meðal ber að greiða úr ríkissjóði málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, 75.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. apríl 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 12. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteins-syni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 136/1978: Ákærvaldið gegn Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. mars sl., á hendur ákærða, Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni sjó-

manni, Þórufelli 6, Reykjavík, fæddum þar í borg 19. apríl 1956, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 22. janúar 1978 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni R 32268 frá veitingahúsinu Klúbbnum í Reykjavík áleiðis heim til sín, en lögreglan stöðvaði akstur hans fljótlega í Borgartúni.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Ákærði, Jóhannes Sigfús Sigdórsson, ók bifreiðinni R 32268 aðfaranótt sunnudagsins 22. janúar 1978 frá veitingahúsinu Klúbbnum, Borgartúni 32, áleiðis heim til sín, enda þótt hann fyndi til áfengisáhrifa við aksturinn og hefði ekki gild ökuréttindi.

Lögreglan stöðvaði akstur ákærða á Borgartúni skammt frá áðurnefndu veitingahúsi, og hafði ákærði ekki neytt áfengis eftir að akstri lauk.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhól-rannsóknar af Ólafi R. Ingimarssyni lækni klukkan 0409 um morguninn. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 2.04‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærur og refsingum sem hér segir:

1972 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 18. september 1972.

1973 13/2 í Reykjavík: Sátt, 1.200 kr. sekt fyrir ölvun.

1973 25/5 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

1973 11/12 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár frá 11/12 1973, fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga.

1974 11/2 í Reykjavík: Dómur: 12 mán. fangelsi fyrir brot á

1. mgr. 155. gr., 1. mgr. 217. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1974 13/6. Ávana- og fíkn.: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot á 1. og 5., sbr. 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969.
- 1974 17/7 í Reykjavík: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1974 5/11 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga, en eigi gerð sérstök refsing.
- 1975 16/4 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.
- 1975 17/7 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr., sbr. 17. gr. laga nr. 73/1952.
- 1975 30/9 í Reykjavík: Dómur: 60 daga fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1975 15/12 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1976 2/5 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga.
- 1976 8/12 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérstök refsing.
- 1977 5/7 í Reykjavík: Dómur: 1 mán. fangelsi fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga.
- 1977 21/12 í Reykjavík: Dómur: 80.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 20/10 1977.

Dómurinn frá 21. desember 1977 hefur samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 200.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 25 daga.

Svipta ber ákærða rétti til að öðlast ökuleyfi, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greindir. Þar sem um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, ber að svipta ákærða þessum rétti ævilangt frá 22. janúar 1978 að telja.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Sigfús Sigdórsson, greiði 200.000 kr. sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 25 daga.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuskírteini ævilangt frá 22. janúar 1978 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. maí 1978.

Ár 1978, fimmtudaginn 18. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 201/1978: Ákærvaldið gegn Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni, sem tekið var til dóms 12. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 18. f. m., gegn Jóhanni Sigfúsi Sigdórssyni, Þórufelli 8, fæddum 19. apríl 1956 í Reykjavík, „fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa föstudaginn 19. febrúar gefið út og notað í viðskiptum í versluninni Hagkaupi við Skeifuna í Reykjavík tvær ávísanir, hvora að fjárhæð kr. 32.000, á eyðublöð merkt Búnaðarbanka Íslands, nr. 1690972 og -3, falsað á þær nafnritun Björns Þórðarsonar og stílað á handhafa, en reikningsnúmerið 5694-8 valdi ákærði af handahófi.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Í máli þessu hefur komið fram krafa af hálfu Hagkaups, að ákærði verði dæmdur til greiðslu fjárhæðar þeirra tékka, sem málið var risið af, þ. e. samt. 64.000 kr.

Málsatvik.

Föstudaginn 17. febrúar sl. voru tveir tékkar teknir sem greiðsla í versluninni Hagkaupi við Skeifuna hér í borg. Báðir eru þeir gefnir út á ávísanareikning 5694-8 í Búnaðarbanka Íslands, dagsettir 17. febrúar og undirritaðir með nafni Björn Þórðarsson (þannig stafsett). Hvor tékki er að fjárhæð 32.000 kr. og gefnir út á eyðublöð úr sama hefti (eyðubl. númer 1690972 og 1690973). Framsal á öðrum tékkanum er: Ólafur Björsson (sic) 6294-5860 Dúfnahólum 2, en á hinum: Jóna Björssdóttir (sic) 4810-6140 Dúfnahólum 2. Tékkar þessir reyndust falsaðir.

Eyðublöðin eru úr hefti, sem eiginkona ákærða, Ólöf Ólafs-dóttir, átti.

Við rannsókn kom í ljós, að gjaldkeri sá í Hagkaupi, sem tekið hafði við öðrum tékkanum (ebl. 1690972) var Halldóra Sigurdórsdóttir, Hraunbæ 66, og hafði hún sett merki sitt (Dóra) á bakhlið tékkans. Hún kvaðst muna eftir því, er hún tók við tékkanum, og hefði það verið ungur maður, 20—25 ára að aldri, ljósskolhærður og fremur þybbinn, sem greiddi með honum vörur fyrir um 12.000 kr. og fékk mismuninn í peningum. Rannsóknarlögreglan lét Halldóru athuga myndasafn, og tók hún út mynd af ákærða og taldi, að þar væri maður sá, er greiddi með tékkanum. Hinn 13. mars lét rannsóknarlögreglan stilla ákærða upp ásamt 5 öðrum mönnum, og benti Halldóra þá á ákærða úr hópnum. Hún hefur borið það sem vitni í þessu máli, að ákærði sé örugglega maður sá, er fékk henni tékkann.

Ákærði hefur neitað því eindregið, að hann hafi notað þessa tékka, og viti hann alls ekkert um það, hvernig þeir séu til komnir.

Eiginkona ákærða heldur því fram, að hún hafi fimmtudagskvöldið 16. febrúar verið í skemmtistaðnum Klúbbnum hér í borg og haft tékkhefti sitt í vasa á vestispeysu, sem hún hafi verið í, og hafi heftið horfið með einhverjum hætti þetta kvöld. Nokkur eyðublöð hafi verið eftir í heftinu, þar á meðal þau, sem umræddir tékkar eru ritaðir á. Þess er að geta, að eyðublaðsnúmerin benda til þess, að tvö eyðublöð hafi verið eftir í hefti því, sem eyðublöðin eru úr.

Rannsóknarlögreglan fékk Maríu Bergmann til þess að athuga tékkana ásamt rithandarsýnishornum, er ákærði ritaði. María er félagi í World Association of Document Examiners. Niðurstaða í álitsgerð Maríu er sú, að sami maður hafi ritað sýnishornin og tékkana, og tilgreinir hún sérstaklega einstaklings-einkenni rithandarinnar í 9 liðum. María hefur staðfest álitsgerð sína fyrir dómi.

Álit dómara.

Þrátt fyrir neitun ákærða þykir sannað með framburði Halldóru Sigurdórsdóttur og álitsgerð Maríu Bergmann, að ákærði hafi ritað og notað í viðskiptum tékka þá, sem málið er af risið. Ber að refsa honum skv. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa hliðsjón af brotaferli ákærða. Á árinu 1972 var ákæru á hendur honum fyrir þjófnaðar-

tilraun frestað skilorðsbundið, en síðan hefur hann sætt þessum refsíðómum:

1973 25/5 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

1973 11/12 8 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld.

1974 11/2 12 mánaða fangelsi fyrir árás og þjófnað.

1974 5/11 sakfelldur fyrir skjalafalsbrot, refsing ekki dæmd.

1975 16/4 2 mánaða fangelsi fyrir skjalafals.

1975 30/9 60 daga fangelsi fyrir þjófnað.

1975 15/12 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

1976 8/12 sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, refsing ekki dæmd.

1977 5/7 1 mánaðar fangelsi fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga.

1977 21/12 80.000 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Refsing ákærða verður ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Fjárkrafa Hagkaups verður tekin til greina.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, 35.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Sigfús Sigdórsson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði greiði Hagkaupi 64.000 kr.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmans, 35.000 kr.